

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps og Rafveitu Reykjafjarðar- og Ögurhrepps.

I. RAFORKA

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Notkun til búreksturs, heimilisþarfa o. fl.

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW	kr. 48 000.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW	— 7 200.00 á kW. á ári
Orkugjald af allri notkun	— 1.56 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	— 9.60 á kWst.

B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.

Notandi greiði sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald	kr. 18 000.00 á kW. á ári
Orkugjald af allri notkun	— 5.52 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu	— 12.00 á kWst.

C. Ýmiss konar notkun.

1. Lýsing — orkugjald	kr. 48.00 á kWst.
2. Um vinnulagnir — orkugjald	— 18.00 á kWst.
3. Kirkjur — orkugjald	— 12.00 á kWst.
4. Sumarnotkun, til sumarhústaða o. fl.	— 7.20 á kWst.

D. Utanhússlýsing.

1. Fast gjald á ljósker	kr. 960.00 á ári
Orkugjald, ómæld notkun á uppsett afl	— 12.00 á W. á ári

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja og rofa, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Af mælitækjum og rofum er heimilt að taka leigu sem næst 20% af verði tækisins á ári.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnaðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnateikningar.

Hreppsnefndir ákveða heimtaugargjald hverju sinni, að fengnum tillögum rafveitunefnda, og skal það vera sem næst kostnaðarverði.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi verið lokað fyrir veitu vegna vanskila á gjöldum til rafveitunnar er óheimilt að opna aftur fyrr en notandi hefur greitt áfallin gjöld og kr. 1 800.00 í opnunargjald.
2. Ef fundinn er óleyfilegur rafbúnaður eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefir bætt úr því og greitt kr. 1 800.00 í opnunargjald.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

1. Notendum skal skylt að gefa upp tölur á kWst. mælum í síma þegar óskað er en reglulegur aflestur og reikningsskil fara fram ársfjórðungslega.
Reikningur fyrir raforku er gjaldfallinn um leið og hann hefur borist notanda.
2. Rafveitustjóri getur bannað notkun rafsuðuspenna, súgurrkunarbásara og heyblásara eða takmarkað notkun slíkra straumfrekra tækja við tiltekna tíma sólarhrings.
3. Hreppsnefndum er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari í samræmi við kaupgjald og verðlag, að fenginni heimild ráðuneytisins, enda verði breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

VI. ANNÆÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í gjaldskráarliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskráarlið A. Gjaldskrárverðið breytist til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku-lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 438 24. september 1975.

Íðnaðarráðuneytið, 15. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

7. febrúar 1977.

Nr. 114.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Kópaskers.

1. gr.

Vatnsveita Kópaskers er sjálfstætt fyrirtæki, sem Presthólahreppur á og rekur og hefur einkaleyfi til sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd skulu vera þrjú menn og aðrir þrjú til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.